

## Einn af hornsteinum samfélagsins

### *Vegna öflugra lífeyrissjóða eru lífeyrisgreiðslur ríkissjóðs með lægsta móti í alþjóðlegum samanburði*

Ævinni má skipta í þrjú skeið: uppvaxtarár, starfsævi og eftirlaunaár. Á uppvaxtarárunum sjá foreldrar eða aðrir aðstandendur um framfærslu barna. Á starfsævinni lifir fólk af launa- og atvinnutekjum. Á eftirlaunaárunum lifa flestir af lífeyri ásamt því að ganga á eignir. Þjóðir heimsins hafa valið mismunandi leiðir til að tryggja fjárhagslegt öryggi á eftirlaunaárunum. Á Íslandi veða lífeyrissjóðir þungst í greiðslu eftirlauna.

### Löng saga byggð á framsýni

Sögu íslenskra lífeyrissjóða má rekja aftur til fyrri hluta síðustu aldar þegar fyrstu lífeyrissjóðirnir tóku til starfa. Sjóðunum fjölgaði smám saman og árið 1962 voru starfandi alls 50 lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna, bankamanna, nokkurra stéttarfélaganna og fyrirtækja. Hins vegar var þá enn ekki um að ræða almenna aðild verkafólks og launafólks að lífeyrissjóðum. Á þessu varð breyting þegar almennu lífeyrissjóðirnir tóku til starfa í ársbyrjun 1970 eftir að samið hafði verið um þá í kjarasamningum árið áður. Óhætt er að segja að aðilar vinnumarkaðarins hafi sýnt mikla framsýni með stofnun almennu lífeyrissjóðanna. Á þessum tíma var þjóðin að jafna sig eftir hvarf síldarstofnsins og kreppuna sem fylgdi í kjölfarið. Það hefur örugglega ekki verið auðveld ákvörðun að leggja til að hluti launa yrði lagður fyrir í lífeyrissjóði með margra áratuga sparnaðartíma. Þjóðin á þessum forvígismönnum launþega og atvinnurekenda mikið að þakka.

Með lögum frá Alþingi árið 1974 var síðan öllum launþegum gert skylt að greiða iðgjöld til lífeyrissjóða og með lögum frá 1980 náði greiðsluskyldan einnig til atvinnurekenda. Fyrstu árin voru iðgjöld eingöngu greidd af dagvinnulaunum en síðar var samið í kjarasamningum um að taka iðgjald af öllum launum. Það kom til framkvæmda í áföngum á árunum 1987 til 1990. Árið 1997 voru samþykkt á Alþingi heildarlög um starfsemi lífeyrissjóða. Með þessum lögum voru í fyrsta sinn settar reglur um rekstur og ávöxtun eigna sjóðanna,

svo og um eftirlit með starfsemi þeirra. Í lögnum voru auk þess ýmis nýmæli, svo sem skilgreining á lágmarkstryggingavernd lífeyrissjóða og viðbótarlífeyrissparnaði sem byggist á frjálsum sparnaði launþega og mótramlagi frá launagreiðendum.



Á áttunda áratugnum fjölgaði lífeyrissjóðum verulega og árið 1980 voru 96 lífeyrissjóðir starfandi en síðan hefur þeim farið fækkandi. Með auknum iðgjöldum og sameiningum sjóða hafa lífeyrissjóðirnir stækkað og eflst. Í ársbyrjun 2012 voru 33 lífeyrissjóðir starfandi.

Vegna öflugra lífeyrissjóða eru ellilífeyrisgreiðslur ríkisins mjög lágar í alþjóðlegum samanburði eins og sést á meðfylgjandi mynd. Hagstofan spáir því að á næstu áratugum muni aldursamsetning þjóðarinnar breytast og hlutfall eftirlaunaþega hækka. Gangi spáin eftir má leiða líkum að því að geta ríkissjóðs til að greiða eftirlaun minnki.

### Hugmyndir um endurskoðun og jöfnun lífeyrisréttinda til skoðunar

Í kjarasamningum í maí 2011 var samið um stofnun samráðshóps stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál til að endurskoða lífeyriskerfið og skoða hugmyndir um jöfnun lífeyrisréttinda. Meginmarkmiðið er að allir lífeyrissjóðir starfi á sjálfbærum grunni og að lífeyrisréttindi þróist í samræmi við þarfir fyrir ásættanlegan lífeyri. Takist þetta mun lífeyriskerfið á Íslandi eflast enn frekar og fjárhagsleg afkoma eftirlaunaþega í framtíðinni batna. Það yrði góð saga til næsta bæjar ef Íslendingar stíga nú mikilvæg skref til að gera gott lífeyriskerfi enn betra.